

Ásdís Kristjánsdóttir, bærarstjóri Kópavogs

Digranesvegur 1

200 Kópavogur

Reykjavík, 21. febrúar 2024

Efni: Beiðni um fjárhagslegan styrk til Bjarkarhlíðar – miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis.

Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis hefur nú verið starfrækt frá því 2. mars 2017. Miðstöðin er samstarfsverkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Framlag samstarfsaðila er með ýmsum hætti en Reykjavíkurborg leggur til húsnæði, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið ábyrgist ákveðið fjármagn sem tryggir þrjú stöðugildi og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til 70% stöðugildi en í Bjarkarhlíð er rannsóknarlögreglukona með fasta viðveru og sinnir þar upplýsingagjöf og veitir einstaklingum ráðgjöf varðandi meðferð mála í réttarvörslukerfinu. Grasrótarsamtökin sem eru aðilar að Bjarkarhlíð eru með viðveru á staðnum og veita einstaklingum stuðning og ráðgjöf.

Miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis (Family justice centers) eru þverfaglegar þjónustumiðstöðvar þar sem opinberar stofnanir og einkastofnanir fela starfsfólki sínu að sinna þjónustu við þolendur ofbeldis, í fullu starfi og/eða hlutastarfi. Markmið miðstöðva fyrir þolendur ofbeldis er að tryggja að þjónustuþegar hafi aðgang að allri nauðsynlegri þjónustu á einum stað, með öryggi þeirra að leiðarljósi.

Bjarkarhlíð býður upp á áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Í boði er samhæfð þjónusta á einum stað og hægt er að fá einstaklingsviðtöl þar sem boðið er upp á lögfræðilega ráðgjöf, félagslega ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg ef þess er óskað. Þar að auki höfum við bætt við þjónustu okkar og boðið upp á hópastarf undanfarin misseri. Bjarkarhlíð er ávallt að leita leiða til að bæta þjónustuna og við erum í góðum tengslum við aðrar stofnanir og grasrótarsamtök til að mæta þörfum einstaklinga sem leita til okkar. Öll þjónusta Bjarkarhlíðar er á forsendum þolenda og þeim að kostnaðarlausu. Öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita.

Frá upphafi hafa viðtökur við þjónustu Bjarkarhlíðar verið framar væntingum samstarfsaðila í Bjarkarhlíð en samkvæmt ársskýrslu Bjarkarhlíðar 2022 leituðu tæplega 1000 einstaklingar til okkar í fyrsta viðtal. Notendur þjónustu Bjarkarhlíðar eru einstaklingar búsettir á öllu landinu. Langflestir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða um 80%, sjá nánar um það í [ársskýrslu Bjarkarhlíðar 2022](#).

Bjarkarhlíð er rekin fyrir fjárframlög frá ríki og Reykjavíkurborg og svo leggja hin ýmsu félög sem eru aðilar að Bjarkarhlíð til vinnu. Fjárhagsstaða Bjarkarhlíðar er ansi þröng, í fjárhagsáætlun Bjarkarhlíðar fyrir næsta ár kemur fram að fyrirsjáanlegur halli á rekstri Bjarkarhlíðar 2024 er um 19 milljónir og er ekki mikið rými til að draga saman í rekstri umfram það sem þegar hefur verið gert.



Bjarkarhlíð

Með þessu bréfi langaði okkur í Bjarkarhlíð að athuga hvort vilji væri hjá fulltrúum Kópavogsbæjar til að styrkja starfsemi Bjarkarhlíðar en miðstöðin veitir aukna og bætta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins sem sætt hafa ofbeldi og léttir í einhverjum tilvikum á félagsþjónustu sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,

Jenný Kristín Valberg,

teymisstjóri Bjarkarhlíðar.